

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 7/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 87/97 frá 9. desember 1997⁽¹⁾.

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 87/97 frá 9. desember 1997⁽²⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB frá 17. desember 1996 um breytingu á tilskipun
95/12/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar
þvottavéla til heimilisnota⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 41 og EES-viðbætir við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 41 og EES-viðbætir við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 85.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 4b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) í IV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0089:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB frá 17. desember 1996 (Stjtíð. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 85).“.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 11b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0089:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB frá 17. desember 1996 (Stjtíð. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 85).“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/89/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Rítarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner